

## Gæðastefna

### Tilgangur

Gæðastefna Matvælastofnunar lýsir því hvernig stofnunin tryggir að öll verkefni og þjónusta sem stofnunin annast sé ávallt í samræmi við staðfest innra verklag og hlutverk hennar samkvæmt lögum og reglugerðum.

Matvælastofnun leggur áherslu á að mæta þörfum hagsmunaaðila sinna í allri starfsemi stofnunarinnar. Hún leggur metnað sinn í að veita góða og skilvirka þjónustu og að allir þeir sem hún hefur samskipti við fái viðmót er einkennist af sanngirni, háttvísi og fagmennsku.

### Umfang

Gæðastefnan nær til allra þátta í starfseminni og allra rekstrareininga stofnunarinnar sem staðsettar eru víðsvegar um landið.

### Leiðarljós

Til að framfylgja gæðastefnu stofnunarinnar mun Matvælastofnun:

- Starfrækja gæðakerfi sem byggir á gæðastjórnunarstaðlinum ISO 9001 og hlutverki stofnunarinnar samkvæmt lögum og reglugerðum.
- Vinna samkvæmt staðfestu Innra úttektakerfi á opinberu eftirliti með matvælum, fóðri, heilbrigði og velferð dýra.
- Tryggja árlega framkvæmd á rýni gæðaráðs á skilgreindum þáttum gæðakerfisins og birta og kynna niðurstöður hennar og tímasetta aðgerðaáætlun.
- Hafa á að skipa vel menntuðu og þjálfuðu starfsfólki sem sýni fagþekkingu, færni, metnað og frumkvæði við störf sín.
- Tryggja fullnægjandi bóklega og verklega þjálfun starfsmanna svo þeir hafi þá þekkingu og hæfni í starfi sem til þarf.
- Stuðla að ánægju starfsmanna og vellíðan í starfi, að starfsmenn fái tækifæri til að afla sér nýrrar þekkingar, tileinka sér nýjar aðferðir og miðla upplýsingum og þekkingu.
- Tryggja samræmt, gagnsætt og skilvirkt eftirlit og stjórnýsly af hálfu stofnunarinnar og að veitt sé besta þjónustu fyrir viðskiptavinum sem völ er á og krafist er hverju sinni.

Gæðaráð Matvælastofnunar ber ábyrgð á gæðastefnunni og endurskoðar hana reglulega, eigi síðar en á 3ja ára fresti. Gæðastjóri gefur út gæðastefnuna í gæðakerfi stofnunarinnar og hefur umsjón innleiðingu hennar.

## Ábyrgð stjórnenda

### Almennt

Skipurit MAST lýsir verkaskiptingu fagsviða, stoðsviða, umdæma og megin ábyrgð stjórnenda. Stjórnendur ákveða og viðhalda gæðastefnu og tryggja að henni sé framfylgt með skilvirkum hætti ([LBE-036](#) Gæðakerfi MAST, yfirlit). Undirstaða virks gæðakerfis er öflugur stuðningur stjórnenda við kerfið.

### Forstjóri

Forstjóri er ábyrgur fyrir gæðastefnu MAST og að lögum og reglugerðum sem tengjast starfseminni sé framfylgt. Hann ákveður gildistöku gæðastefnunnar og tryggir í samvinnu við gæðastjóra að unnið sé eftir henni. Forstjóri er ábyrgur fyrir gæðakerfi stofnunarinnar, að því sé komið á, það sé virkt og því viðhaldið. Hann skal setja markmið varðandi rekstur þess.

### Gæðaráð

Gæðaráð tekur ákvarðanir varðandi rekstur og viðhald gæðakerfisins og samþykkir stefnuskjöl er varða gæðakerfið. Gæðaráð tekur tillögur að landsbundinni úttektaáætlun til margra ára (LÚMA) til afgreiðslu og samþykktar þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Gæðaráð kemur saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Það skal meta stöðu verkefna og tölfræðilegar niðurstöður úr gæðakerfinu. Gæðaráð skal rýna gæðakerfið og endurskoða gæðaaáætlun einu sinni á ári með aðstoð gæðastjóra ([VRF-018](#) Rýni gæðaráðs á gæðakerfi). Gæðastjóri leggur drög að skýrslu með margvíslegum niðurstöðum fyrra árs til skoðunar.

Að rýni lokinni skal liggja fyrir aðgerðalisti stjórnenda til umbóta í starfseminni. Umbótaverkefni skulu vera tímasett og ábyrgð sem og eftirfylgni skýrt skilgreind.

### Sviðsstjórar

Einungis sviðsstjórar geta verið ábyrgðamenn verkferla (VRF). Þeir bera ábyrgð á að unnið sé að þeim verkefnum sem gæðakerfi stofnunarinnar skilgreinir. Þeir skulu tryggja að frávík og kvartanir séu meðhöndluð samkvæmt skilgreindum verkferli og þegar það á við að beina þeim í umbótaferil. Sviðsstjórar bera ábyrgð á rekstri gæðakerfisins hver á sínu sviði og á þjálfun starfsmanna. Þeir hafa samráð við sinn gæðatengil eftir þörfum og skulu hvetja til gerðar og viðhalds verkferla.

### Gæðastjóri

Gæðastjóri hefur umsjón með rekstri gæðakerfisins og er ritstjóri gæðahandbókar. Hlutverk hans er að fylgja eftir markmiðum og öðrum ákvörðunum gæðaráðs hverju sinni. Gæðastjóri situr fundi gæðaráðs og ber ábyrgð á að beina verkefnum samkvæmt beiðni gæðaráðs í réttan farveg eins og gæðakerfið segir til um. Hann heldur utan um skráningu tölfræðilegra gagna úr gæðakerfinu og vinnur með hópum að umbótaverkefnum og sér til þess að þeir skili niðurstöðum. Gæðastjóri er ábyrgur fyrir upplýsingaflæði um innleiðingu og virkni gæðakerfisins meðal starfsmanna og að efla vitund og þjálfun þeirra um gæðakerfið. Gæðastjóri er talsmaður kerfisins innan sem utan veggja stofnunarinnar. Hann er jafnframt úttektaaðili í innri úttektakerfi á opinberu eftirliti og sem slíkur ábyrgur fyrir eftirfylgni allra innri úttekta sem og eftirfylgni úrbótaverkefna rýniskýrslu gæðaráðs.

### Gæðatenglar

Gæðatenglar hafa umsjón með skráningu gæðaskjala í samráði við næsta yfirmann og aðra starfsmenn eftir því sem við á. Þeir hafa umsjón með stýringu umbótaverkefna og skráningu kvartana/frávika eftir því sem við á. Einnig veita þeir upplýsingar til starfsmanna varðandi gæðamál og aðstoða þá við vinnu þeirra vegna verkefna sem tengd eru gæðakerfinu. Gæðatenglar eru tilgreindir í [LBE-007](#) Gæðatenglar.

*Samþykkt í gæðaráði 26. apríl 2023*